Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 17. ágúst 2026
2604387 AMT

Efni: **Samantekt ábendinga og athugasenda og svör við þeim vegna auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðar fyrir smáhýsi við Lónsbraut.**

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 11. júní sl. var tillaga að breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna nýrrar lóðar fyrir smáhýsi við Lónsbraut samþykkt í auglýsingu .

Tillagan var í auglýsingu frá 25. júní 9. ágúst á auglýsingartímanum bárust ábendingar og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum:

Braga Má Bragasyni fyrir hönd Mílu.
Tinnu Traustadóttur fyrir hönd Veitna.
Birgir Þór Guðbrandssyni fyrir hönd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Þorgeir Ólason Lónsbraut 60
Axel Benediktsson og Fróði Guðmundur Jónsson fyrir hönd Náttúruverndarstofnun
Páll Mar Magnússon
Árni Bergmann Emanúelsson
Friðþjófur Jóhannsson
Héðinn Rafn Rafnsson og Jóhanna Beck Ingibjargardóttir Lónsbraut 44
Bjarni Sigurðsson Lónsbraut 56
Emil Jón Ragnarsson
Cecelía Þórðardóttir fyrir hönd Vegagerðarinnar
Svavar Þorsteinsson Lónsbraut 34

Braga Má Bragasyni fyrir hönd Mílu.

Míla
Bragi Már Bragason

UMSÖGN BIRT **25.06.2026**

Míla gerir engar athugasemdir við fyrirhugað skipulag.

Tinnu Traustadóttur fyrir hönd Veitna.

Veitur
Tinna Traustadóttir

UMSÖGN BIRT **1.07.2026**

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera engar athugasemdir. Veitur leggja þó áherslu á gott samráð á öllum stigum skipulags- og framkvæmda þar sem nauðsynlegt er að hanna og leggja dreifikerfi til að tengja nýjar lóðir við hitaveitu.

Sv. Veitur gera ekki athugasemdir en leggja áherslu á samráð verði haft á framkvæmdatímanum

Birgir Þór Guðbrandssyni fyrir hönd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Varðar: Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna smáhýsa við Hvaleyrarlón, mál nr. 758/2026

Umsögn:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi en óskar eftir að eftirfarandi atriði séu tekin til skoðunar:

- Huga þarf að vatnsöflun með staðsetningu brunahana til slökkvistarfs. Rúmlega 250m lagnaleið er frá næsta brunahana að umræddu svæði og því þörf á að koma fyrir brunahana á svæðinu við fyrirhugaða lóð ásamt þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu.
- Smáhýsi er skilgreint samkvæmt lið 82. í grein 1.2.1 Skilgreiningar í byggingarreglugerð sem *"Smáhýsi: Skýli sem almennt er ætlað til geymslu garðáhalda o.þ.h. og er ekki ætlað til íveru. Smáhýsi er ekki upphitað . Hámarksstærð þess er 15 m².".* Um brunavarnir tengdum smáhýsum gildir gr. 9.7.6.
- Skoða þarf fjarlægðir á milli fyrirhugaðra bygginga með tillti til greinar 9.7.5. í byggingarreglugerð og sambrunahættu.

Sv . Framkvæmdin er á vegum sveitafélagsins og þessa dagana er verið að leggja fráveitu og vatn að svæðinu. Í þeim framkvæmdum er gert ráð fyrir brunahana. Hús þessi falla ekki undir skilgreiningu á smáhýsum í byggingarreglugerð þar sem þau er stærri og í þeim er gert ráð fyrir búsetu. Sækja þarf um byggarleyfi fyrir húsunum. Húsin eru hönnuð í samræmi við byggingarreglugerð. Við afgreiðslu byggingarleyfis verður passað upp á að fjarlægðir, brunahólfun, aðkoma slökkviliðs og að aðrar brunavarnir uppfylli viðeigandi kröfur.

Þorgeir Ólason Lónsbraut 60

Athugasemd við **Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna smáhýsa við Hvaleyrarlón**

Ég Þorgeir Ólason kt 2608673189 geri athugasemd við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi við Hvaleyrarlón.

Sem eigandi að Lónsbraut 60 vil ég ekki samþykja fyrirhugaða breytingu og hef ég þar ákveðin rök fyrir því.

Fyrir það fyrsta þá hef ég starfað yfir þrjá áratugi í þessum geira, þar að segja við að hjálpa fólki sem á við vímuefnavanda að stríða að eignast líf. Þessi lausn á þessum vanda gengur þvert á mínar hugmyndir við það sem ég er menntaður við og eins skoðanir mínar gagnvart málaflokknum. Að geyma fólk í smáhýsum án þess að veit þeim sértæka hjálp fyrir sinn vanda er fyrir neðan allar hellur og get ég ekki fyrir mitt leiti samþykt það.

Annað sem ég vill benda á, að þessum málaflokki fylgir vandi sem snýr að umgegni, hegðun og virðingu fyrir eignum annara. Reynslan hefur sýnt það að þar sem þessi smáhýsi eru, safnast saman annað fólk sem hefur ekki búsetu á þessum stöðum og það fylgja smáhýsunum mikið ofbeldi, glæpir, brunar og dauðsföll. Ég veit ekki betur en að Golf klúbburinn Keilir (sem er íþróttafélag) er með mjög öflugt íþróttastarf fyrir unglinga og fyrir utan það er alveg gríðarleg iðkunn á Hvaleyrarvelli og get ég ekki séð hvernig þetta fer saman svo vel sé.

Í þriðja lagi. Er Lónið og umhverfi þess friðað. Það er búið að vera berja á okkur sem eigum eignir þarna í langan tíma að hafa hreinnt og snyrtilegt í kringum okkur þannig að lónið með sýnum fallegu húsum sé príði og hluti af okkar fallega bæ, Hafnarfirði. Þessum smáhýsum mun bara fylgja rusl og ónýtt þífi, stolin reiðhjól, innkaupakerrur, úrsérgeignar dýnur og annað rusl sem þessir skjólstæðingar draga að sér.

Sv. Tillagan fjallar um afmörkun lóðar og heimild fyrir allt að sex húsum til búsetu. Nánara fyrirkomulag félagslegrar þjónustu og stuðnings við íbúa er rekstrarlegt viðfangsefni en ekki ákveðið með deiliskipulagi.

Axel Benediktsson og Fróði Guðmundur Jónsson fyrir hönd Náttúruverndarstofnun

Efni: Umsögn - Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna smáhýsa við Hvaleyrarlón - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 29. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar við Lónsbraut í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér nýja 1.748 m² lóð fyrir allt að sex smáhýsi, að hámarki 35 m² hvert og 3,5 m að hæð.

Náttúruminjaskrá og friðlýst svæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er innan svæðis nr. 113 á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, og liggur á jaðri fólkvangsins Hvaleyrarlóns og fjara Hvaleyrarhöfða, sem friðlýstur er samkvæmt auglýsingu nr. 397/2009. Verndargildi svæðisins felst einkum í lífauðugum leirum og malarfjörum, mikilvægi þess sem áningarstaðar farfugla og gildi þess til útivistar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir verndarsvæðunum og mögulegum áhrifum breytingarinnar á verndargildi þeirra í deiliskipulagsgögnum. Að teknu tilliti til staðsetningar og umfangs breytingarinnar telur stofnunin þó ólíklegt að hún hafi veruleg áhrif á svæðin.

Sv. Bætt er inn á uppdrátt upplýsingum um nálægð við friðlýsta svæðið og mögulegum áhrifum sem breytingin getur haft á verndargildi þess.

Páll Mar Magnússon

P Páll Mar Magnússon

UMSÖGN BIRT 7.08.2026

Þarna hefur hafist uppbygging á svæðinu til hins betra og verið er að skapa fallegt umhverfi í einu af kennileitum Hafnarfjarðar. Það er skýtur skakkt við að detta það í hug að planta einbýlishúsum fyrir ólukku fólk á þessu svæði nema að tilefnið sé að breyta svæðinu í ruslahauga. Dæmin eru til staðar til að mynda á Fiskislóð og Stórhöfða. Búið er að kveikja í tveimur af þessum húsum sem dæmi. Þetta eru ekki hörð orð, þetta er raunveruleiki. Sjálfur hef ég í huga að endurbyggja bæði hús og bryggju en get varla talið það ákjósanlega fjárfestingu í ljósi fyrirhugaðar skipulagsbreytinga. Annað sem er mjög skakkt í þessari mynd er sú staðreynd að ekki hefur fengist leyfi til að byggja upp og búa í húsunum á svæðinu og eru þau ekki við hæf vegna flokkunar. Sem eigandi að Lónsbraut 26 mótmæli ég fyrirætlun á þessari skipulagsbreytingu og get staðfest að aðrir séu sammála sem eiga þarna hús. Ég mun leita lagalegrar úrlausnar verði þetta að veruleika. Með vott um virðingu Páll Mar Magnússon

Sv. Heimild fyrir íbúðarhúsum á sérstakri lóð felur ekki í sér að búseta verði heimiluð í bátaskýlum. Um er að ræða ólíka landnotkun og byggingar sem þurfa að uppfylla þær kröfur sem gilda um fyrirhugaða notkun þeirra.
Breytingin skerðir ekki gildandi heimildir eigenda til að nýta bátaskýlin í samræmi við skipulag og aðra skilmála. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að samþykkt breytingarinnar leiði sjálfkrafa til skerðingar á verðmæti einstakra fasteigna.
Hönnuðum ber að passa upp á að brunavarnir séu leystar og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fer yfir teikningarnar m.t.t. brunavarna eins og venja er. Á svæðinu er gert er ráð fyrir að komi brunahani.

Árni Bergmann Emanúelsson

Á Árni Bergman Emanúelsson UMSÖGN BIRT **8.08.2026**

Ég undirritaður eigandi að Lónsbraut 22 mótmæli fyrirhuguðum byggingum á húsum fyrir ógæfufólk á þessu fallega svæði sem verður einn ruslahaugur ef að þessu verður.

Árni Emanúelsson

Sv. Hafnarfjarðarbær ber ábyrgð á úrræðinu, umsjón lóðarinnar, viðhaldi og sorphirðu. Almennar áhyggjur byggðar á persónulegum aðstæðum væntanlegra íbúa fela ekki einar og sér í sér skipulagsleg rök gegn tillögunni.

Friðþjófur Jóhannsson

F Friðþjófur Jóhannsson UMSÖGN BIRT **8.08.2026**

Sem eigandi bátaskýla Lónsbrautar 20 og 36 á svæðinu var ég að hefja uppbyggingu við skýlin til að fegra umhverfið. Það er ekki raunhæft ef þarna á að rísa hýsi fyrir ólánsfólk. Undirritaður er alfarið á móti smáhýsum á þessu svæði sökum allra þeirra verðmæta sem á þessu svæði er. Einnig eru þessi fyrirhuguð smáhýsi í mikilli nálægð við leikskóla sem er ekki fýsilegt.
Einnig er ég íbúi á Miðholti og hef ég áhyggjur af þessari nálægð við smáhýsin

Sv. Tillagan breytir ekki heimildum til viðhalds eða nýtingar bátaskýlanna samkvæmt gildandi skilmálum. Við val á staðsetningu smáhýsana hefur verið litið til nálægrar byggðar og starfsemi. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að umfang tillögunnar, allt að sex hús innan afmarkaðrar lóðar, hafi slík áhrif á leikskólastarf eða íbúðabyggð að falla beri frá staðsetningunni.

Hafnarfjörður

Héðinn Rafn Rafnsson og Jóhanna Beck Ingibjargardóttir Lónsbraut 44

Athugasemdir og mótmæli vegna deiliskipulagsbreytingar við Lónsbraut

Við undirrituð, eigendur fasteignarinnar að Lónsbraut 44, mótmælum fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu við Lónsbraut sem felur í sér stofnun nýrrar lóðar og uppsetningu sex smáhýsa fyrir skjólstæðinga fjölskyldu- og barnamálasviðs.

1. Samspil búsetu og núverandi notkunar bátaskýlanna

Nærumhverfi fyrirhugaðrar lóðar einkennist af bátaskýlum og þeirri umferð og umgengni sem eðlilega fylgir notkun þeirra, svo sem flutningi og geymslu báta og tækja og umferð bifreiða og eftirvagna.

Samkvæmt gildandi skilmálum fyrir bátaskýlin er búseta í þeim óheimil og hefur Hafnarfjarðarbær áður fylgt því eftir. Bátaskýlin eru ætluð til geymslu og viðhalds báta.

Í því ljósi teljum við sérstaklega mikilvægt að sveitarfélagið meti hvernig fyrirhuguð búseta í beinu nágrenni bátaskýlanna samrýmist þeirri notkun sem þegar er heimiluð og fyrir hendi á svæðinu. Búseta á þessum stað getur orðið fyrir ónæði vegna eðlilegrar notkunar bátaskýlanna og jafnframt þarf að tryggja að tilkoma búsetu leiði ekki síðar til takmarkana á heimilaðri notkun þeirra.

2. Hentugleiki staðsetningarinnar

Svæðið hefur ekki yfirbragð hefðbundins íbúðarhverfis og nærumhverfið einkennist að verulegu leyti af bátaskýlum, umferð og þeirri starfsemi sem þeim fylgir.

Nærþjónusta er jafnframt takmörkuð í næsta nágrenni, svo sem verslun, heilbrigðis- og félagsþjónusta og önnur dagleg þjónusta.

3. Bílastæði, aðkoma og umferð

Sérstaka athygli vekur að engin bílastæði eru fyrirhuguð innan nýju lóðarinnar.

Gera verður ráð fyrir umferð vegna íbúa, starfsfólks, gesta, félags- og heilbrigðisþjónustu, akstursþjónustu, viðhalds, sorphirðu og annarrar þjónustu.

Núverandi bílastæði og athafnasvæði við bátaskýlin eru nauðsynleg fyrir notkun þeirra. Það þarf því að liggja skýrt fyrir hvar ökutækjum vegna búsetuúrræðisins verður lagt og hvernig aðkomu verður háttað, án þess að gengið verði á bílastæði eða athafnasvæði bátaskýlanna.

4. Takmarkaðar upplýsingar um fyrirhugað úrræði

Í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir sex smáhýsum fyrir skjólstæðinga fjölskyldu- og barnamálasviðs, en upplýsingar um fyrirhugaðan rekstur eru að öðru leyti mjög takmarkaðar.

Ekki verður ráðið af gögnunum:

- hvort um tímabundið eða langtímabúsetuúrræði sé að ræða,
- hversu margir einstaklingar geti dvalið þar samtímis,
- hvort og hversu mikið starfsfólk verði á staðnum,
- hvernig umsjón, eftirliti og öryggismálum verði háttað,
- hvaða þjónusta verði veitt á staðnum,
- eða hversu mikil umferð fólks og ökutækja fylgi starfseminni.

Þetta eru að okkar mati mikilvægar upplýsingar til að unnt sé að meta grenndaráhrif framkvæmdarinnar og áhrif hennar á nærliggjandi fasteignir.

5. Áhrif á bátaskýlin og framtíðarnýtingu þeirra

Eigendur bátaskýla við Lónsbraut hafa fjárfest í fasteignum sínum með hliðsjón af gildandi skipulagi, heimiluðri notkun þeirra og eðli svæðisins.

Við teljum því nauðsynlegt að metið verði hvort fyrirhuguð búseta geti haft áhrif á núverandi eða framtíðarnýtingu bátaskýlanna, verðmæti þeirra eða möguleika eigenda til að nýta þau áfram í samræmi við gildandi heimildir.

6. Nálægð við friðlýst svæði

Við bendum jafnframt á að Hvaleyrarlón er friðlýst svæði og að Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða njóta sérstaks verndargildis.

Í fyrirliggjandi greinargerð vegna smáhýsanna verður ekki séð að sérstaklega sé fjallað um nálægð framkvæmdarinnar við þessi verndarsvæði eða hvort fyrirhuguð uppbygging og aukin umferð og umgengni henni tengd geti haft áhrif á þau.

Niðurstaða

Með vísan til framangreinds mótmælum við fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu og óskum eftir að fallið verði frá fyrirhugaðri staðsetningu smáhýsanna og aðrir hentugri staðsetningarkostir verði skoðaðir.

Við teljum að fyrirliggjandi gögn frá Hafnarfjarðarbæ sýni ekki með fullnægjandi hætti fram á að staðsetningin sé hentug fyrir fyrirhugað búsetuúrræði eða að áhrif þess á nærliggjandi fasteignir og núverandi notkun þeirra hafi verið metin nægilega.

Virðingarfyllst,


Eigendur Lónsbraut 44,

Héðinn Rafn Rafnsson
Jóhanna Beck Ingibjargardóttir

Sv. Tillagan breytir ekki skilmálum eða heimildum bátaskýlanna né er ætlað að takmarka eðlilega og heimila starfsemi þeirra. Væntanlegir íbúar skulu því gera ráð fyrir þeirri umferð og starfsemi sem leiðir af gildandi landnotkun í nágrenninu. Jafnframt verður við endanlega útfærslu tryggt að aðkoma að búsetuúrræðið gangi ekki á athafnasvæði bátaskýlanna.
Við val á staðsetningu var meðal annars litið til aðgengis að almenningssamgöngum og daglegri þjónustu. Frá lóðinni er stutt að biðstöð almenningssamgangna og verslun er í göngufæri.
Staðsetningar fjær byggð og þjónustu var af þeim sökum ekki talin jafnhentug.
Aðkoma sorphirðu og annarrar þjónustu verður leyst innan svæðisins.
Deiliskipulagið tekur fyrst og fremst til landnotkunar og byggingarheimilda.
Fjölskyldu- og barnamálasvið mun annast stuðning við þá einstaklinga sem flytja í fyrirhuguð smáhús í Hafnarfirði. Einstaklingur fær úthlutað íbúð í smáhús á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Þeirri búsetu fylgir ábyrgð og skyldur sem kveðið er á um í leigu- og þjónustusamningi. Sértæk heimaþjónusta Hafnarfjarðarbæjar mun gegna lykilhlutverki í þjónustu við íbúa smáhýsanna. Þjónustan er starfrækt alla daga vikunnar og er sniðin að einstaklingum með fjölþættar stuðningsþarfir. Hún felur meðal annars í sér félagslegan stuðning og samtöl, hvatningu, aðstoð við heimilishald og athafnir daglegs lífs, innkaup og matargerð ásamt fylgd til læknis og annarra þjónustuaðila. Markmiðið er jafnframt að styðja einstaklinga við að halda heimili og tengjast þeirri heilbrigðis- og félagsþjónustu sem þeir þurfa á að halda. Nú þegar hafa borist jákvæð viðbrögð frá nágrönnum á svæðum þar sem starfsfólk sinnir þjónustu, meðal annars vegna sýnilegrar viðveru starfsfólks og aukinnar öryggistilfinningar.
Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að breytingin skerði heimilaða nýtingu eða verðmæti bátaskýlanna. Skipulagsbreytingin ein og sér breytir hvorki eignarréttindum né gildandi notkunarheimildum þeirra. Umfjöllun um náttúruminjaskrá, friðlýstan fólkvang og möguleg áhrif á verndargildi verður bætt við skipulagsgögnin í samræmi við umsögn Náttúruverndarstofnunar. Með þessum breytingum og skýringum er ekki talið tilefni til að falla frá tillögunni.

Hafnarfjörður

Bjarni Sigurðsson Lónsbraut 56



Sv. Tillagan var auglýst með þeim hætti sem ákveðið var við afgreiðslu hennar og gefinn var frestur til að koma athugasemdum á framfæri.
Við staðarval var litið til nálægðar við almenningssamgöngur og göngufjarlægðar við matvöruverslun. Staðsetning neðan Hamrabyggðar var ekki talin jafn hentug þar sem lengra er í almenningssamgöngur og þjónustu.
Nánara rekstrarfyrirkomulag, þar á meðal stuðningur, umsjón og eftirlit, er ekki ákveðið með deiliskipulaginu. Fjölskyldu- og barnamálasvið mun annast stuðning við þá einstaklinga sem flytja í fyrirhuguð smáhús í Hafnarfirði. Einstaklingur fær úthlutað íbúð í smáhús á grundvelli reglna um félagslegt leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Þeirri búsetu fylgir ábyrgð og skyldur sem kveðið er á um í leigu- og þjónustusamningi..

Emil Jón Ragnarsson

E Emil Jón Ragnarsson — UMSÖGN BIRT 9.08.2026

Sagt hefur verið að gisting í bátaskýlunum við Hvaleyrarlón sé óheimil og ég hef alltaf talið það endurspegla umhyggju bæjaryfirvalda fyrir eigendum bátaskýlanna, því ef eldur brýst út í þeim verður hann fljótt óviðráðanlegur.

Hef þó greinilega misskilið þetta, því nú ætla bæjaryfirvöld að reisa sex íbúðarhús í u.þ.b. 20 metra fjarlægð frá þéttstæðri röð 26 timburhúsa sem bátaskýlin eru. Þar ætla þau að hýsa veikburða skjólstæðinga sína andspænis þessum stærsta bálkesti landsins sem timburhúsalengjan óneitanlega er. Það vekur spurningar um hvort brunahættan sé allt í einu talin óveruleg eða hvort nýtt áhættumat liggi fyrir.

Þetta er jú iðnaðarsvæði með skjalfesta sögu um endurtekna stórbruna. Það eitt vekur eðlilega spurningar um hvort fullnægjandi brunatæknilegt áhættumat liggi að baki þeirri ákvörðun að reisa íbúðarhúsnæði andspænis þessari röð timburhúsa. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að sérstaklega hafi verið tekið tillit til þessarar samfelldu raðar 26 þéttstæðra timburhúsa við mat á brunahættu.

Kannski ekki skrítið að óvenju stór hluti húsa á suðurhafnarsvæðinu hafi brunnið síðustu 35 árin eða svo. Enda minnir það helst á einhvers konar nostalgíu að bjóða skjólstæðingum félagsmálayfirvalda að búa andspænis þéttstæðustu timburhúsaröð á Íslandi.

Sú óvenjulega staða er uppi að bátaskýlunum fylgir í mesta lagi 1 m breið ræma leigulands út frá húsveggjum þeirra, en annað land á svæðinu er á forræði Hafnarfjarðarbæjar. Bátaskýlin eru því eins og lítil eylönd í ríki sveitarfélagsins. Af þessari eignarskipan leiðir að skipulagsákvarðanir sveitarfélagsins hafa óvenju mikil og bein áhrif á afnot, notagildi og verðmæti leiguréttarhafanna. Þetta kallar á að sveitarfélagið gæti sérstakrar varúðar við hagsmunamat sitt og taki fullt tillit til hagsmuna leiguréttarhafa.

Hingað til hafa bæjaryfirvöld í krafti þessa eignarhalds haldið því fram að um sé að ræða hafnsækið svæði og eigendur bátaskýlanna hafa fjárfest í þeirri trú að starfsemi og skipulag svæðisins myndu áfram taka mið af þeirri stefnu. Nú á hins vegar að gjörbreyta eðli svæðisins með því að innleiða þar íbúðabyggð. Þannig að búseta verði heimiluð öðru megin götu, en harðbönnuð hinum megin vegna brunahættu.

Þessi áform fela í sér verulega breytingu á eðli svæðisins og ganga óhóflega nærri hagsmunum leiguréttarhafanna. Þeim er því mótmælt.

Emil J. Ragnarsson

Sv. Bann við búsetu í bátaskýlum byggist á notkun þeirra og því að þau eru ekki samþykkt eða hönnuð sem íbúðarhús. Fyrirhuguð hús verða hins vegar hönnuð til búsetu, byggingarleyfisskyld og

þurfa að uppfylla kröfur um brunavarnir, öryggi og heilnæmi. Um er því að ræða ólíkar byggingar og ólíkar notkunarheimildir.
Í endurskoðun aðalskipulags er gert ráð fyrir íbúðarbygg á lóð smáhýsanna. Til að auka á öryggi svæðisins er komið fyrir brunahana á svæðinu til auðvelda aðkomu að slökkvivatni. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fer yfir alla aðaluppdrætti áður en byggingarleyfi er útgefið þar með talið fullnægjandi fjarlægð milli húsa, aðkomu slökkviliðs og aðrar nauðsynlegar varnir.
Breytingin tekur til afmarkaðrar lóðar fyrir allt að sex hús og breytir ekki skilmálum, leigusamningum eða heimilaðri notkun bátaskýlanna. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna að breytingin leiði til skerðingar á lögmætum afnotum leiguréttarhafa. Með vísan til umfangs tillögunnar og þeirra öryggisráðstafana sem gerðar verða er ekki talið tilefni til að falla frá henni.

Cecelía Þórðardóttir fyrir hönd Vegagerðarinnar

Breyting á deiliskipulagi:

Nafn skipulags:	Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna smáhýsa við Hvaleyrarlón
Hönnuður:	Hafnarfjarðarkaupstaður
Dags. gagna:	Apríl 2026
Málsnúmer á skipulagsgátt:	758/2026

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri hjá
Höfuðborgarsvæði

Svavar Þorsteinsson Lónsbraut 34

A Anna Margrét Tómasdóttir — UMSÖGN BIRT 10.08.2026

Athugasemd þessi var send á HMS-skipulag og áframsend á umhverfis- og skipulagssvið

Sælir.
Sem einn af eigendum húsnæðis við Hvaleyrarlón ætlaði undirritaður að mótmæla fyrirhuguðum breytingum á svæðinu sem ég tel að séu afar neikvæðar fyrir margra hluta sakir.
Hús mitt er að Lónsbraut 34 og er bátaskýli. Samráðsgátt krefst rafrænna skilríkja sem undirritaður notar ekki og hefur ekki, þannig að ég sendi þetta með þessum hætti og verður vonandi tekin með öðrum athugasemdum sem berast í gáttina.

Kveðja
Svavar Þorsteinsson
kt 1909585589

Sv. Farið hefur verið yfir athugasemdina. Þar sem ekki koma fram nánari skipulagsleg rök í erindinu er vísað til svara við sambærilegum athugasemdum um staðarval, brunavarnir, umgengni og áhrif á bátaskýlin hér að ofan.

Niðurstaða:
Breytingar sem gerðar hafa verið eftir auglýsingu til að koma móts við athugasemdir eru:
Bætt var við texta á uppdrátt þar sem bent er á nálægð við friðlýsta svæðið og mögulegum áhrifum sem breytingin getur haft á verndargildi þess.

Lagt er til að tillagan, með þeim breytingum sem gerðar hafa verið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
Fh. Hafnarfjarðarbæjar
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnisstjóri
Umhverfis og skipulagssviði

Hafnarfjörður

Vakin er athygli á að heimilt er að kæra ákvörðun þessa til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.